



Umhverfis- og tæknisvið

Reykjanesbæjar



Ársskýrsla
2001

UMHVERFIS- OG TÆKNISVIÐ REYKJANESBÆJAR

Umhverfis- og tæknisvið Reykjanesbæjar skiptist í þrjár deildir auk tveggja stoðdeilda og skrifstofu.

Deildirnar eru:

- 1. Byggingareftirlit / skipulagsdeild*
- 2. Byggingardeild*
- 3. Umhverfis- og gatnadeild*

Stoðdeildir:

- 1. Þjónustumiðstöð Reykjanesbæjar*
- 2. Vatnsveita Suðurnesja*

Sviðið sér um allar verklegar framkvæmdir á vegum Reykjanesbæjar. Jafnframt annast sviðið rekstur og viðhald gatna, holræsa, útivistarsvæða og opinna svæða bæjarins auk umferðarmála, hreinlætismála, rekstur þjónustumiðstöðvar og vatnsveitu ásamt viðhaldi fasteigna.

Starfsmenn annast áætlunargerð, undirbúning framkvæmda og funda, eftirlit með og meðhöndlun uppdratta sem varða byggingar og önnur mannvirki í bæjarfélaginu.

Ráð og nefndir bæjarins njóta aðstoðar sviðsins eftir þörfum og sitja starfsmenn fundi skipulags- og byggingarnefndar og framkvæmda- og tækniráðs.

Með starfsemi sviðsins er m.a. verið að tryggja eftirlit með gæðum verklegra framkvæmda þannig að fjármunir bæjarfélagsins nýtist sem best.

Unnið er að gerð gæðahandbókar til þess að tryggja enn frekari árangur í þessum málaflökkum.



Byggingareftirlit / skipulagsdeild

Byggingarfulltrúi

Byggingarfulltrúi Reykjanesbæjar afgreiðir án staðfestingar skipulags- og byggingarnefndar mál er falla undir skipulags- og byggingarlög nr. 73/1997, með síðari breytingum, og skilgreind eru sem verkefni byggingarnefnda í lögunum önnur en úthlutun lóða, gerð byggingarskilmála og tillagna um nöfn gatna, torga og bæjarhluta.

Skipulags- og byggingarnefnd

Skipulags- og byggingarnefnd fer með skipulags- og byggingarmál undir yfirstjórn bæjarstjórnar. Nefndin fjallar um umsóknir sem berast og ályktar um úrlausn þeirra til bæjarstjórnar. Nefndin hefur eftirlit með því að hvarvetna í umdæmi hennar sé byggt í samræmi við gildandi skipulag, lagaákvæði og reglugerðir um skipulags- og byggingarmál.

Skipulagsmál

Á árinu var hafin vinna við endurskoðun aðalskipulags. Lokið var endurskoðun á deiliskipulagi hafnar- og iðnaðarsvæðis við Helguvík og breytingu á deiliskipulagi við Láseylu.

UMHVERFIS- OG TÆKNISVIÐ REYKJANESBÆJAR

Unnið var að deiliskipulagi Hafnargötunnar frá Vesturgötu að Skólavegi. Einnig voru gerðar skipulags breytingar vegna bygginga að Kirkjuvegi 5, Vatnsnesvegi 29 og Grófinni 18.

Umferðarskipulag fyrir Reykjanesbæ er frágengið að mestu, eftir er að ljúka umferðarskipulagi fyrir Innri- Njarðvík og Hafnir.

Fjöldi erinda

Fjöldi erinda til afgreiðslu hjá skipulags- og byggingarnefnd voru alls 293, á 26 fundum.

Lóðarúthlutun

Lóðarúthlutanir alls 76 á árinu sem skiptist þannig:

Einbýli	40 úthl utanir	40 íbúðir
Raðhús	17 úthl utanir	57 íbúðir
Parhús	9 úthl utanir	18 íbúðir
Fjölbýli	0 úthl utandir	0 íbúðir
Atvinnuhúsnæði	9 úthl utanir	
Hesthús	1 úthl utanir	

Íbúðir í smíðum

Íbúðir í smíðum við áramótin voru 150.



Lokið á árinu

Á árinu var lokið við smíði á alls 74 íbúðum sem skiptist þannig:

Einbýl ishús	15 íbúðir
Fjölbýl ishús	18 íbúðir
Raðhús	9 íbúðir
Parhús	32 íbúðir

Byggingardeild

Sér um hönnun nýbygginga og viðhald fasteigna bæjarins.

Hefur umsjón með gerð tímaáætlana í hönnun og framkvæmdum.

Hefur umsjón og eftirlit við gerð samninga við hönnuði og verktaka, gerð kostnaðaráætlana og yfirferð þeirra, sér um gerð útboðsgagna til útboðs, leggur mat á tilboð og metur hæfni bjóðenda, hefur umsjón og eftirlit með framkvæmdum, lokaúttekt og uppgjöri verktaka.



Njarðvíkurskóli

Unnið var að endurbótum bæði að utan og innan.

Hol taskóli

Unnið var að endurbótum bæði að utan og innan.

UMHVERFIS- OG TÆKNISVIÐ REYKJANESBÆJAR

Suðurgata 12-19 og 15-17

Neysluvatnslagnir húsanna voru ónýtar og var boðin út endurnýjun þeirra og lauk því verki á árinu.

Helstu framkvæmdir

Mylubakkaskóli

Á árinu var boðið út utanhúss frágangur skólans fyrir árið 2001-2002. Sem fellst í því að endurnýja þakklæðningar, gluggaviðgerðir, uppsetningu einangrun og múrkerfis á gamla skólann og utanhúss málun. Fyrri áfanga lauk á tilsettum tíma en seinni áfangi verður framkvæmdur sumarið 2002.

Duus-hús

Fyrsti áfangi við endurnýjun og lagfæringu húsanna var boðin út á árinu. Um er að ræða matshluta 4 vestur salur. Verkið felst í því m.a. að endurbyggja kraftsperrur hússins, einangra og klæða loftin, endurnýja viði og mála veggi og fleira.

Þetta húsnæði á að nota fyrir bátasýningu sem áætlað er að opna á árinu 2002.

Heiðarskóli

Tvær færarlegar kennslustofur voru settar upp á árinu við skólann.

Stekkjarkot

Byrjað var á endurbyggingu hússins og er áætlað að ljúka því verki á árinu 2002.



Íþróttahús Sunnubraut B-salur

Boðið var út stækkun salarins og mun því verki ljúka á árinu 2002.

Íþróttamiðstöð Njarðvíkur

Unnið að hönnun vegna frágangi hússins að utan og innan til útboðs.

Garðasel

Byrjað var á hönnun hússins til stækkunar.

Minnismerki sjómanna

Deildin vann að færslu og niðurstetningu ásamt ljósabúnaði á minnismerki sjómanna.



Annað

Viðhald á byggingum bæjarins er framkvæmt á hefðbundin hátt og ræðst af árlegum fjárveitingum hverju sinni.

Umhverfis- og gatnadeild



Framkvæmda- og tækniráð

Framkvæmda- og tækniráð fer með vatnsveitu-, gatnagerðar-, fráveitu-, almenningismál, almenningssamgöngur, nýjar framkvæmdir og eftirlit með innkaupa og verksamningum.

Gangstéttir

Nýjar gangstéttar voru lagðar við eftirfarandi götur:

Efstaleiti, Melaveg, Hjallaveg að hluta, Ásgarð og Baldursgarð.

UMHVERFIS- OG TÆKNISVIÐ REYKJANESBÆJAR

Verklagar framkvæmdir við götur



Nýjar götur

Unnin var fyrsti áfangi gatnakerfis í Grænási. Þar voru gerðar byggingarhæfar þrjátíu lóðir fyrir íbúðarhús. Lokið var við iðnaðarhúsagötuna Stapabraut í Innri Njarðvík.

Endurbygging gatna

Hluti Klapparstígs og Vallargötu voru endurbyggðar og hellulagðar samkvæmt áætlun um endurbyggingu gatna í gamla bænum. Baldursgata var einnig endurbyggð og malbikuð.

Mal bikun

Lagt var malbik á Sjafnarvelli, Baldursgötu og svæði milli Hafnargötu og Suðurgötu. Yfirlagnir voru gerðar á eftirfarandi götur:

Akurbraut, Seylugötu, Sólvallagötu, Ásgarð, Baldursgarð, Vörðubrún, Heiðarhorn, Heiðarbakka og Hólmagarð.

Annað

Önnur smærri verk voru síðan víðs vegar um bæinn. Einnig var unnið við stígagerð við Heiðarból og milli Vesturgötu og Heiðarhvamms ásamt stíg frá Vesturgötu að Freyjuvöllum.

Helstu magntölur um framkvæmdir við götur, stíga og stéttir árið 2001.

Nýjar malargötur	um 13.500 m ²
Endurbygging gatna	um 3.000m ²
Mal bikun nýrra gatna	um 5.000m ²
Mal biksyfirlagnir	um 17.000m ²
Gangstéttar	um 3000m ²
Gangstígar	um 1.500m ²



UMHVERFIS- OG TÆKNISVIÐ REYKJANESBÆJAR

Aðrar nýframkvæmdir



Vatnsveitukerfi

Framkvæmdir hófust síðla árs við dælustöð og þrýstijöfnun í efri hluta Keflavíkur. Verklök eru áætluð 1.apríl 2002.

Fráveitukerfi

Unnið var við hreinsistöð í Njarðvík ásamt lokaáfangna lagnakerfis og er áætlað að gangsetja kerfið 1.mars 2002.

Stoðdeil dir



Þjónustumiðstöð Reykjanesbæjar



Á seinni árum hefur færst í vöxt að nýframkvæmdir eru boðnar út. Því einkennist starfsemin að mestu að þjónustubáttum. Þjónustumiðstöðin sér almennt um viðhald á götum, gangstéttum, göngustígum, holræsum, umferðamerkjum og umferðaljósnum í bæjarfélaginu.

Einnig hefur hún umsjón með snjómokstri og hálkueyðingu á götum og fl.

Á hennar sviði eru almenningsgarðar, opin svæði og framkvæmdir við opinber hátíðarhöld.

Miðstöðin þjónustar allar stofnanir bæjarins einnig rekur hún véladeild og vélaverkstæði

Vatnsveita Suðurnesja

Vatnsveitan er með viðhald og nýframkvæmdir vegna vatnslagna .

Hafnargata

